

## Menntamálaráðuneyti styrkir Stóru upplestrarkeppnina í 7. bekk grunnskóla næstu þrjú árin

Menntamálaráðherra undirritaði 12. apríl sl. [samning](#) við stjórn Radda, samtaka um vandaðan upplestur og framsögn, um þriggja ára stuðning ráðuneytisins við Stóru upplestrarkeppnina í 7. bekk grunnskóla, 1.5 millj. kr. árlega.



Menntamálaráðherra Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir ásamt fulltrúum styrktaraðila við undirritun samningsins.

Undirritunin fór fram í tengslum við glæsilega lokahátíð keppinnar í

Hafnarborg í Hafnarfirði, sem er ein 33 lokahátíða keppinnar.

Stóra upplestrarkeppnin hófst veturinn 1996-1997 með þátttöku 5 skóla í Hafnarfirði og á Álftanesi. Eftir það breiddist hún hægt en markvisst út um land allt og nær nú til hátt á fimmta þúsund nemenda í nánast öllum grunnskólum landsins.

Menntamálaráðuneytið hefur í gegnum tíðina styrkt myndarlega við þetta verkefni og ýmsir aðilar hafa styrkt keppnina með margvíslegum hætti.

Á degi íslenskrar tungu árið 2000 veitti menntamálaráðherra verkefninu sérstaka viðurkenningu fyrir framlag til eflingar íslenskrar tungu.



Vinningshafar úr grunnskólum Hafnarfjarðar og Álftaness ásamt skólástjórnum.

Auk menntamálaráðuneytis styrkja eftirtaldir aðilar keppnina: Sparisjóðirnir, Edda útgáfa, Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, Skóladeild Akureyrarbæjar, Reykjanesbær, Mjólkursamsalan og Flugfélag Íslands.

**Myndir:** Hallgrímur Indriðason, Víkurfréttum.

### Nám án aðgreiningar og skólastarf í efri bekkjum grunnskóla

Út er komið ritið [Nám án aðgreiningar og skólastarf í efri bekkjum grunnskóla](#) (11-14 ára nemendur) frá Evrópumíðstöð fyrir þróun í sérkennslu ([The European Agency for Development in Special Needs Education](#)).

Evrópumíðstöðin er sjálfstæð stofnun sem menntamálaráðuneyti 24 þátttökulanda standa að, þ.m.t. Ísland og nýtur auk þess stuðnings Evrópusambandsins. Pólland, Ungverjaland, Slóvakía og Slóvenía taka auk þess þátt sem áheyrnarfulltrúar og stefna að fullri aðild á næstunni.

Eitt meginmarkmið með starfsemi Evrópumíðstöðvarinnar er að stuðla að umbótum í sérkennslu í Evrópu og auka samstarf Evrópulanda á því sviði. Útgáfa ritanna á þjóðtungum þátttökulanda er styrkt af Evrópusambandinu.

Nánari upplýsingar eru á vef Evrópumíðstöðvarinnar, [www.european-agency.org](http://www.european-agency.org), en þar má finna ritið á tölvutæku formi og ýmsa gagnagrunna sem tengjast þessu málefni, svo og ýmsar upplýsingar um sérkennslumál í Evrópu.

### Innritun nýnema í framhaldsskóla á rafrænu formi

Fundur var haldinn í Samstarfsnefnd framhaldsskóla 11. apríl sl. Nefndin, sem skipuð er skólameisturum og rektorum undir forsæti menntamálaráðherra, fjallar um sameiginleg málefni framhaldsskóla og samræmir störf þeirra.

Á dagskrá var m.a. umfjöllun um styttingu námstíma til stúdentsprófs og farið yfir stöðuna. Jafnframt var rætt um áhrif styttingar á skipan náms á starfsnámsbrautum. Kynnt var framkvæmd innritunar nýnema í framhaldsskóla í vor en tekin hefur verið ákvörðun um að hún verði á rafrænu formi. Þá var rætt um fjármál skólanna, uppgjör ársins 2004 og fjárframlög til starfsbrauta/sérdeilda framhaldsskóla.

### Ráðstefna um stöðun upplýsingakerfa í menntun

Menntamálaráðuneyti stendur fyrir ráðstefnu um stöðun í samskiptum á milli ólíkra námsefnis- og skólakerfa. Vinnuhópur um staðla hefur unnið að innleiðingu staðla á þessu sviði.

Á ráðstefnunni verður starf hópsins kynnt og gefin innsýn í það sem er að gerast í nágrannalöndum okkar

Ráðstefnan er ætluð skólástjórnum og kerfisstjórum, hugbúnaðarhúsum og öllum öðrum sem vilja hagnýta sér upplýsingakerfi í menntun.

Ráðstefnan er haldin á Grand Hótel Reykjavík, Gullteigi B, þriðjudaginn 19. apríl kl. 12:15 – 17:00. Nánari upplýsingar um dagskrá ráðstefnunnar eru á vef menntamálaráðuneytis, [menntamalaraduneyti.is](http://menntamalaraduneyti.is)

### Endurskoðun námskráa

Endurskoðun aðalnámskráa á grundvelli skýrslunnar [Breytt námskipan til stúdentsprófs – aukin samfella í skólastarfi](#) er nú í fullum gangi. Að endurskoðuninni koma vinnuhópar hinna ýmsu námssviða sem einkum eru skipaðir kennurum úr grun- og framhaldsskólum. Sérstök áhersla er lögð á að skoða samfella í námi og tengsl skólastiga.

Starfsgreinaráðin endurskoða námskrá starfsnámsbrauta framhaldsskólans. Fjótlega hefur störf vinnuhópur sem skoða á námskrár leik- og grunnskóla með það í huga að tengja betur nám á síðasta ári leikskóla og fyrsta ári grunnskóla.

